



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rofaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	9
4	Innra mat 2024-2025 og umbótaáætlun deilda	11
4.1	Svanaland	11
4.2	Þrastaland	13
4.3	Lóuland	15
4.4	Krummaland	17
4.5	Spóaland	19
5	Sérkennsla og málörvun	22
5.1	Mat á sérklennslu veturinn 2024-2025	22
5.2	Umbótaáætlun 2025-2026	24
5.3	Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025	25
5.4	Umbótaáætlun málörvunar fyrir veturinn 2025-2026	26
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	28
7	Samstarf við utanaðkomandi aðila	29
8	Foreldrasamvinna	29
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
10	Fylgiskjöl	31





1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasa skólaár var einkar ánægjulegt fyrir margra hluta sakir. Ráðningar gengu vel, við fórum af stað með nýtt þróunarverkefni, skrifuðum nýja skólanámskrá og starfsfólki með leyfisbréf kennara fjölgaði um 100%!

Ráðningar síðasta vetrar voru raunar svo vel heppnaðar að litlar breytingar eru fyrirséðar í haust (sjö níu þrettán... bankað í við og allt það...) hvað svo sem verður þegar þar að kemur. Þetta sannar það sem við alltaf vissum; að það borgar sig að vanda til verka og gera kröfur í þágu bæði barna og starfsmanna.

Vorið 2024 bauðst Rofaborg að taka þátt í þróunarverkefni með Vinnueftirlitinu, Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem unnið yrði með starfsaðstæður. Í þessu verkefni var sjónum ekki beint að búnaði, hljóðvist eða lýsingu, eins og við tengjum venjulega við verkefni af þessu tagi, heldur félagslegum aðbúnaði; starfsanda og samskiptum svo eitthvað sé nefnt. Eftir undirbúning á vormisseri 2024 byrjuðum við af fullum krafti í september sl. Þetta verkefni var unnið að einhverju leyti á öllum skipulagsdögum síðasta skólaárs, sem og þess á milli undir styrkri leiðsögn Dr. Sigrúnar Gunnarsdóttur prófessors við HÍ og Jónu Bjartar Friðriksdóttur sérfræðings hjá Vinnueftirlitinu. Við rýndum í gildi okkar sem hóps og einkunnarorð leikskólans. Þá erum við búin að gera samskiptasáttmála, móttökuáætlun fyrir nýliða og leggja aukna áherslu á samveru utan vinnutíma svo eitthvað sé nefnt. Mikil og góð vinna hefur verið lögð í þetta verkefni og við finnum að það hefur skilað sér í bættum starfsanda, samheldni, hjálpsemi og vináttu.

Fyrir ári síðan byrjuðum við með matsal í hádeginu fyrir allar deildir nema Svanaland og gekk það vonum framur frá byrjun. Eftir áramótin bættist svo eldri kjarninn á Svanalandi við, enda átti það fyrir þeim að liggja að flytjast yfir á eldri deildar í sumar og þau þá orðin öllum hnútum kunnug í matsal. Búnaður í matsalnum er ekki alveg orðinn eins og okkur dreymir um en góðir hlutir gerast hægt og við erum að vinna í þessu eftir því sem efni standa til.

Reykjavíkurborg býður starfsfólki sem sækir sér menntun sem nýtist í leikskólastarfi upp á launað námsleyfi. Þetta er liður í áætlun um að fjölga leikskólakennurum með leyfisbréf. Á síðasta skólaári voru sex starfmenn í námi meðfram vinnu og luku tveir þeirra MT prófi í leikskólakennarafræðum, einn MT prófi í Mál og læsi og einn M.Ed prófi í leikskólakennarafræðum. Þar með jókst fjöldi kennara með leyfisbréf um 100%! Í haust munu átta starfsmenn vera í námi samhliða vinnu. Fimm í leikskólakennarafræðum og þrír í þroskaþjálfarafræði. Þó að þetta sé langhlaup, enda eru námsleiðirnar 4-5 ár miðað við fullt nám, þá skilar hver kláraður námsáfangi þekkingu sem nýtist strax í starfinu með börnunum. Við erum því full bjartsýni hvað varðar framtíð Rofaborgar.

Margrét Sæmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri skrifaði meistararitgerð sem snérist um að skoða vettvangsferðir elstu barnanna í Rofaborg. Þessar ferðir eiga sér langa sögu en í tímana rás hafði





tilgangur þeirra og markmið svolítið týnst. Margrét skoðaði m.a. hvernig hægt væri að auka lýðræði barnanna með því að fá þau meira að borðinu við skipulagningu ferðanna. Ætlunin er svo að vinna áfram með þetta í haust og fá börnin enn betur að borðinu.

Ný skólanámskrá Rofaborgar mun líta dagsins ljós á haustmánuðum samhliða því að börn og starfsfólk mun feta sig áfram í að innleiða Reggio Emilia stefnuna í allt starf leikskólans. Skólanámskráin mun birtast á heimasíðu Rofaborgar (lendingarsíða á vef Reykjavíkurborgar) og að sjálfsgöðu munum við líka senda hana með fréttabréfi Rofaborgar.

Hluti af þeirri vinnu snýr að sjálfsgöðu að leik barnanna enda er leikurinn aðalnámsleið barnanna, bæði skv. Aðalnámskrá leikskóla og Reggio Emilia stefnunnar. Ewelina Kacprzycka gerði leikinn að umfjöllunarefni í verkefni sem hún vann í meistaranámi sínu. Vinna hennar mun gagnast starfsfólki Rofaborgar vel í innleiðingu Reggio Emilia stefnunnar.

Síðastliðin 15 ár hefur sérkennsla barna sem þurfa auka stuðning fest sig mjög í sessi í Rofaborg og mikil þekking skapast. Að jafnaði vinnur nokkur fjöldi starfsmanna við sérkennslu á hverjum tíma sem krefst töluverðs skipulags varðandi samvinnu milli stuðningaðila, fræðslu þeim til handa o.fl. Sigríður María Sigurðardóttir sérkennslustjóri vann verkefni í meistaranámi sínu sem gekk út á að finna grundvöll fyrir markvissri samvinnu og samráði allra sem sinna sérkennslu í Rofaborg. Út frá því varð t.d. til lærdómssamfélag sérkennslu.

Fleiri lærdómssamfélög litu dagsins ljós, raunar eru þau orðin fjögur. Eitt þeirra snýr að málörvun ungra barna og hefur Katrín Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri málörvunar fjölyngdra barna, haft umsjón með því. Katrín lauk MT námi í Mál og læsi í vor og mun þekking hennar úr náminu nýtast vel í málörvun og starfi hér í Rofaborg.

Það verður nóg að gera næsta vetur, eins og alltaf. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að takast á við þessi verkefni, sem á endanum snúast auðvitað öll um að öllum geti liðið vel í Rofaborg; börnum, foreldrum og starfsfólki.

Bestu kveðjur,

Guðlaug Kristinsdóttir leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Í þessum kafla verður fjallað um þá þætti sem voru metnir þvert á deildir leikskólans. Matið fór fram á skipulagsdögum, í samræðum við börn og foreldra en einnig voru nýttar spurningakannanir. Hér verður einnig fjallað um ytra mat sem framkvæmt var af Skóla- og frístundasviði sem og Háskóla Íslands.

Innra mat Rofaborgar

Vísindastarf og vísindavaka	
Hvernig fór matið fram	Starfsfólk lagði mat á vísindastarfið á skipulagsdegi í umræðuhópum. Í umræðunum nýtti starfsfólk myndir og skráningar til þess að meta bæði vísindastarfið yfir allan veturinn en einnig vísindavöku Rofaborgar sem haldin var í lok mars. Börnin voru beðin um að gefa álit sitt í umræðuhópum inni á deild. Könnun um vísindastarfið og vísindavökuna var send á alla foreldra í tölvupósti og voru þeir beðnir um að gefa álit sitt. Könnunin var send út bæði á íslensku og ensku.
Hverjir tóku þátt í matinu	Allt starfsfólk Rofaborgar, foreldrar (sem vildu) og börn á Krummalandi og Spóalandi.
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk var mjög ánægt með vísindastarfið sem unnið hafði verið veturinn 2024-2025. Deildirnar sáu um að skipuleggja tilraunir og fræðslu út frá áhugasviði og getu barnahópsins og tókst það vel til. Mixtúra lánaði deildunum allskonar búnað til þess að nota með börnunum tvisvar sinnum á vorönninni, í tvær vikur í senn og var mikil ánægja með það. Starfsfólk taldi sig þó hafa þurft meiri tíma til þess að læra á búnaðinn áður en það nýtti hann í starfi með börnunum. Það verður skoðað betur á næsta ári. Starfsfólk taldi vísindavöku í mars hafa heppnast mjög vel. Þar var foreldrum boðið að koma í heimsókn og kynnst því sem börnin höfðu verið að læra. Hver deild hafði sitt þema (stærðfræði, geimurinn, tækni og forritun, líkaminn og ljós og skuggar). Foreldrar gátu gengið á milli deildanna, fylgst með tilraunum og prufað búnað frá mixtúru með börnunum sínum. Hugsunin var að börnin kenndu og sýndu foreldrum sínum. Þegar börnin voru spurð út í vísindi og vísindastarfið mátti nema mikinn áhuga og gleði í svörum þeirra. Þau sögðu frá ýmsu sem þau höfðu lært og töluðu um það sem þeim hafði þótt áhugaverðast sem var m.a. að læra um geiminn, gera tilraunir og rannsaka hluti/viðfangsefni eins og alvöru vísindamenn. Í könnun sem send var til foreldra mátti sjá mikla ánægju með vísindastarfið og vísindavökuna. Foreldra sögðu vísindavökuna hafa verið spennandi, tilraunirnar skemmtilegar og að þeim hafi þótt gaman að geta heimsótt allar deildirnar. Foreldrar upplifðu mikinn metnað tengdan vísindastarfinu og töldu vísindavökuna hafa verið vel skipulagða. Nokkrir foreldrar greindu einnig frá því að börnin þeirra töluðu mikið um vísindastarfið heima fyrir og töldu það merki um að merkingarbært nám ætti sér stað. Foreldrar voru spurðir hvort þeir myndu vilja gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi vísindavökkunnar ef hún yrði endurtekin að ári og svöruðu því flestir neitandi. Tveir





	hefðu þó viljað að foreldrahópnum yrði deilt niður á tvær tímasetningar vegna mikillar aðsóknar og margmennis á viðburðinum.
--	--

Lærdómssamfélög – Málörvun, sérkennsla, fjölmennig og uppeldisfræðilegar skráningar.	
Hvernig fór matið fram	Áhrif nýrra lærdómssamfélaga voru metin á skipulagsdegi þar sem starfsfólk ræddi saman í litlum hópum og sagði svo frá upplifun sinni.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsfólk Rofaborgar
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk var ánægt með lærdómssamfélög sem höfðu verið stofnuð í Rofaborg. Starfsfólk taldi umræðuvettvanginn mikilvægan fyrir þróun skólastarfsins og taldi mikilvægt að allir sem í Rofaborg störfuðu fengju tækifæri til þátttöku og til þess að hafa áhrif. Starfsfólk nefndi einnig að umræður í lærdómssamfélögunum gerðu starfsfólki kleift að dýpka skilning sinn á umræðuefninu. Starfsfólkið sagði þetta vera góðan vettvang til þess að deila hugmyndum og leita lausna í sameiningu á ýmsum vandamálum eða vafamálum. Til að byrja með átti hvert lærdómssamfélag fundartíma einu sinni í mánuði og hittist í klukkutíma í senn. Mikill áhugi var á að auka fjölda skipta sem starfsfólkið fundaði og verður það skoðað á komandi vetri.

Samskipti og samskiptasáttmáli	
Hvernig fór matið fram	Matið fór fram í litlum hópum og umræðum á skipulagsdögum vetrarins.
Hverjir tóku þátt í matinu	Allt starfsfólk Rofaborgar
Helstu niðurstöður mats	Veturinn 2024-2025 lagðist starfsfólk Rofaborgar í vinnu við gerð samskiptasáttmála. Markmiðið með honum var að skoða gildi hópsins og meta samskiptahætti okkar við hvert annað, börnin og foreldra. Út frá þessu mati var gerður samskiptasáttmáli sem er ígildi reglugerðar um samskiptahætti á vinnustaðnum og jafnframt úrbótaáætlun með leiðum sem við ætlum að fara til þess að vinna að og viðhalda jákvæðum samskiptum og góðum starfsanda. Með umræðum og gerð sáttmálans var markmiðið að vinna að samheldni, trausti, virðingu, fagmennsku, hjálpssemi og jákvæðni. Þegar áhrif vinnunnar að baki samskiptasáttmálans voru metin kom í ljós að starfsfólki fannst metingur og samkeppni milli deilda hafa minnkað og umburðarlyndi og skilningur aukist. Einnig kom fram aukin vitund um ábyrgð og hlutverk hvers og eins sem og aukin vitund um áhrif eigin samskiptahátta og ábyrgðar á eigin orðum.

Ytra mat

Mat Háskóla Íslands og Vinnueftirlitsins á vellíðan starfsfólks og heilbrigðri vinnustaðarmenningu á starfsstað.	
Hvernig fór matið fram	Könnun send til starfsfólks haustið 2024 og aftur vorið 2025. Könnunin var hluti af þróunarverkefni þar sem leitað var leiða til þess að auka





	öryggi, jákvæð samskipti og vellíðan í starfi sem og að stuðla að heilbrigðri vinnustaðarmenningu.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsfólk í Rofaborg
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður kannananna sýna greinilega jákvæða þróun í starfsumhverfi skólans. Hlutfall starfsfólks sem upplifði krefjandi aðstæður í samskiptum lækkaði og tilfinningalega erfiðum aðstæðum fækkaði. Þá upplifði starfsfólkið að dregið hafi úr andlegu álagi og líkamlegri þreytu. Jafnframt dró úr upplifun starfsfólks af óviðráðanlegu vinnuálagi sem bendir til betri líðan og stuðnings í starfi og samskiptum. Starfsfólk hafði áfram skýra sýn á ábyrgðarsvið sitt og sjálfstæði í vinnubrögðum. Þó samráð við stjórnendur hafi ekki aukist marktækt, jókst jákvæð upplifun af aðgengi þeirra, leiðsögn og viðbrögðum við ábendingum. Samskipti voru áfram styðjandi og laus við samkeppni. Traust á vinnustaðnum jókst og það sama á við um sameiginlega ábyrgð. Vinsemd og gagnkvæmur stuðningur jókst einnig töluvert á tímabilinu. Vilji til starfsþróunar jókst sömuleiðis og traust til að tjá sig án ótta. Niðurstöðurnar endurspeglu jákvæða þróun í vellíðan starfsfólks, vinnustaðamenningu og trausti innan skólans.

Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar	
Hvernig fór matið fram	Könnun send til foreldra í Rofaborg vorið 2025
Hverjir tóku þátt í matinu	Öllum foreldrum í Rofaborg var boðin þátttaka
Helstu niðurstöður mats	<p>Tæplega 70% foreldra gáfu sér tíma í að svara foreldrakönnuninni sem send var út vorið 2025 og þökkum við kærlega fyrir góða þátttöku. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að 95% þátttakenda voru á heildina litið ánægðir með leikskóla barns síns. Þegar spurt var um vellíðan og öryggi kom fram að 93% þátttakenda töldu að barninu sínu liði vel í leikskólanum og 7% þátttakenda völdu valmöguleikann hvorki né. 97% töldu barnið sitt upplifa öryggi í leikskólanum.</p> <p>Þegar spurt var um foreldrasamstarf og samskipti kom fram að öllum þátttakendum þótti starfsfólk sýna því og barninu sínu gott viðmót og að ábendingum og hugmyndum væri vel tekið. 94% svarenda sögðust vera hvattir hæfilega mikið til þess að taka þátt í leikskólastarfinu en 4% töldu hvatninguna vera of mikla á meðan að 2% vildu fá að taka meira þátt. Í lokinn gátu foreldrar komið ábendingum eða öðru á framfæri og fékk starfsfólk þar sérstakt hrós fyrir vel unnin störf frá mörgum þátttakendum. Aðrar ábendingar snéru m.a. að áhuga á tíðari foreldraviðtölum fyrir hvert barn yfir árið og beiðnum um að Reykjavíkurborg geri breytingar á innritunarferli leikskólanna til þess að systkini geti sótt sama leikskólann.</p>

Vangaveltur um umræðu um faliðun sem kom fram í foreldrakönnun

Áhugavert var að sjá hversu margir þátttakendur töldu sig hafa orðið fyrir miklum áhrifum af skerðingu á vistun vegna faliðunar. Einhverjir töldu sig hafa þurft að halda barni sínu heima þrisvar til fjórum sinnum yfir veturinn og aðrir oftár. Ef meðalskorið í spurningunum um faliðun





er skoðað í samanburði við meðaltal í allri Reykjavík má sjá að foreldrar í Rofaborg töldu sig hafa orðið fyrir talsvert miklum neikvæðum áhrifum af fáliðun yfir veturinn. Við vorum mjög heppin í vetur og náðum að manna flest grunnstöðugildi mjög snemma á skólaárinu. Þurftum við því aðeins að grípa til fáliðunaraðgerða tvo eftirmiðdaga í október. Þess má einnig geta að barnahópnum var skipt niður þannig að foreldrar þyrftu aðeins að sækja snemma annan daginn, sumir sluppu þó alveg. Samkvæmt okkar tölum var því hvert foreldri aðeins beðið um að sækja snemma einu sinni yfir skólaárið, að undanskildum 5. febrúar þar sem almannavarnir lýstu yfir rauðri viðvörun og feldu niður allt skólastarf eftir hádegi á höfuðborgarsvæðinu og báðu fólk um að vera ekki á ferðinni. Eigum við því erfitt með að útskýra þessar tölur um fáliðun og áhrif hennar. Velta má vöngum yfir því hvort að skráningardagar í vetrarfríum, milli jóla og nýárs og í Dymbilviku séu það sem foreldrar höfðu í huga þegar að þeir svöruðu spurningunum um fáliðun. Þess má geta að Rofaborg er opin á skráningardögum en lágmarksstarfsemi fer þá fram. Foreldrar gátu að sjálfsögðu sótt um vistun á skráningardögum en ekki var hægt að veita undanþágu og bjóða foreldrum að hafa börnin í vistun þegar gleymdist að sækja um.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun	
Umbótaþáttur	Að leggja lokahönd á nýja skólanámskrá og senda hana til umsagnar hjá starfsfólki Rofaborgar og foreldraráði. (1.5 – Skólanámskrá, starfsáætlanir, áætlanir og verklagsreglur)
Tækifæri til umbóta - markmið	Markmiðið er að ný skólanámskrá sé skýr og að starfsfólk geti nýtt hana til þess að tileinka sér viðeigandi vinnubrögð og viðhorf og öðlist betri skilning á þeirri stefnu sem unnið er eftir. Markmiðið er einnig að námskráin sé aðgengileg foreldrum og að hún sé góð kynning á því starfi sem unnið er í Rofaborg.
Aðgerðir til umbóta	Ný skólanámskrá Rofaborgar hefur verið í vinnslu í rúm t ár og hafa margir komið að gerð hennar. Tafir hafa orðið á samsetningu hennar en stutt er í lokaútkomuna. Ætlunin er að fara yfir námskránnu með starfsfólki í september og að það veiti umsögn og komi með tillögum að breytingum. Unnið verður úr ábendingum starfsfólks og námskráin því næst send til foreldraráðs Rofaborgar til yfirlstrar.
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri
Upphaf og lok	Ágúst til desember. Áætlað er að í desember verði allir hagsmunaaðilar búnir að yfirfara námskránnu og senda inn umsagnir.
Endurmat	Námskráin er lifandi plagg og verður endurmetin eftir þörfum.
Viðmið um árangur	Að námsskráin sé aðgengileg öllum sem að leikskólastarfinu koma og nýtist í starfi.
Uppeldi og menntastarf	
Umbótaþáttur	Áætlun um læsi – Læsisstefna
Tækifæri til umbóta - markmið	Í Rofaborg þarf að vera til skýr læsisstefna. Í stefnunni þurfa að koma fram markmið og leiðir til þess að ná þeim.
Aðgerðir til umbóta	Á skipulagsdögum í vetur og á deildarfundum ætlar starfsfólk Rofaborgar að skoða hvaða leiðir það vill fara til þess að efla mál og læsi barna. Endurskoða þarf þær leiðir sem farnar hafa verið síðustu ár, setja skýr markmið og ákveða þær leiðir sem á að fara til þess að ná markmiðunum. Einnig þarf að ákveða hvernig fylgst verður með framförum og árangri. Mikilvægt er að tengja læsi við leik barnanna og sköpun. Ritin „Lesið í leik“ og „Vörður á leið til læsis“ verða höfð til hliðsjónar við gerð læsisstefnunnar
Ábyrgð	Deildarstjórar bera ábyrgð á umræðum og verkefnavinnu deildar sinnar og stjórnendur bera ábyrgð á úrvinnslu gagna og samsetningu stefnunnar.
Upphaf og lok	Nóvember 2025 – maí 2026
Endurmat	Læsisstefnan verður í þróun veturinn 2025-2026. Mikilvægt er að kennarar fái tíma til að vinna með stefnuna og prufa sig áfram áður en hún verður endurmetin veturinn 2026-2027.
Viðmið um árangur	Að læsisstefnan sé aðgengileg öllum sem að leikskólastarfinu koma og nýtist vel í vinnu með börnum.
Leikskólabragur	





Umbótaþáttur	Innleiðing samskiptasáttmála Rofaborgar (4.1 – Viðmót og menning)
Tækifæri til umbóta - markmið	Nú þegar að samskiptasáttmáli Rofaborgar er formlega tekinn í gildi þurfum við að finna leiðir til þess að festa hann í sessi. Marmiðið er að starfsfólk tileinki sér hann og fari eftir því sem í honum stendur í samskiptum sínum við foreldra, börn og samstarfsfólk.
Aðgerðir til umbóta	Til þess að viðhalda góðum samskiptum er mikilvægt er vera stöðugt að tala um þau og hlúa að starfsandanum. Það ætlum við að gera með því að fjalla reglulega um samskiptasáttmálann á fundum og skipulagsdögum og vinna verkefni tengd honum. Mikilvægt er að kynna sáttmálann fyrir nýju starfsfólki og foreldrum. Starfsfólk ætlar að leiðbeina hvert öðru og vinna saman að því að viðhalda jákvæðni, trausti og virðingu innan vinnustaðarins.
Ábyrgð	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að fara eftir samskiptareglum sáttmálans.
Upphaf og lok	Verkefnið er nú þegar hafið og hefur engin lok.
Endurmat	Metið jafnt og þétt yfir skólaárið.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur er að samskiptaárekstrum fari fækkandi, jákvætt andrúmsloft ríki í leikskólanum og að traust ríki innan veggja hans.
Innra mat	
Umbótaþáttur	Að kynna og skipuleggja betur fyrirkomulag innra mats í leikskólum fyrir starfsfólki
Tækifæri til umbóta - markmið	Framkvæmd innra mats hefur lengi vel flækst fyrir starfsfólki Rofaborgar. Fjöl margar ástæður eru fyrir því og má þar m.a. nefna tímaskort, starfsmannavelta, mjög lágt hlutfall kennaramenntaðra í starfshópnum og lítinn skilning á mikilvægi matsins fyrir fagþróun leikskólustarfsins. Markmið okkar næsta vetur er að breyta því.
Aðgerðir til umbóta	Það verður gert með betri kynningu og námskeiðum um innra mat, nákvæmari leiðbeiningum og handleiðslu við framkvæmd innra mats, skýrara verklagi og eftirfylgni. Samhliða nýju skólanámskránni var útbúin nákvæm innra mats áætlun, einfaldur matskvarði sem starfsfólk getur mátað starf sitt við og áætlun um yfirferð áætlana.
Ábyrgð	Margrét Sæmundsdóttir, aðstoðarleikskólustjóri
Upphaf og lok	September 2025 – júní 2026
Endurmat	Endurmat fer fram á skipulagsdegi í maí og mun starfsfólk meta það hvernig gekk að framkvæma innra matið, nýju verkferlana og skilning sinn á innra og ytra mati almennt.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur er að starfsmannahópurinn skilji í auknum mæli tilgang innra og ytra mats, nýti það til úrbóta í starfi og líti á það sem mikilvægan hlut af starfi sínu en ekki viðbótarverkefni eða neikvæða gagnrýni. Árangur næst ef fólk metur starf sitt reglulega yfir skólaárið og geri úrbætur þegar við á.





4 Innra mat 2024-2025 og umbótaáætlun deilda

Í þessum kafla verður fjallað um mat deildanna á leikskólavetrinum 2024-2025 og umbótaáætlun þeirra fyrir komandi vetur. Starfsfólk á hverri deild fór yfir þá þætti sem það hafði sett í umbótaráætlun árið áður og lagði mat á hvernig tekist hefði að ná og sinna markmiðum vetrarins. Eftir matið skrifaði hver deild stutta frásögn og gerði nýja umbótaáætlun fyrir veturinn.

4.1 Svanaland

Veturinn 2024-2025 lögðum við sérstaka áherslu á sjálfshjálp. Í umbótaráætlun fyrir veturinn höfðum við sett okkur það að markmiði að finna leiðir til þess að efla sjálfstæði og sjálfstraust barnanna. Til þess báðum við börnin í auknum mæli um að aðstoða okkur kennarana við hin ýmsu verkefni á deildinni. Börnin hjálpuðu til við að sækja matarvagnana, fara með óhreinan þvott í þvottahúsið, ganga frá eftir matinn o.s.frv. Börnin fengu mikla hvatningu og hrós fyrir að vera hjálpsöm og finnst okkur það hafa haft áhrif á sjálfstraust þeirra inni á deild. Börnin byrjuðu öll veturinn á að borða hádegismat inni á Svanalandi en eftir áramót byrjaði eldri hópurinn að æfa sig að fara niður í matsal með hinum deildunum og borða þar hádegismat. Börnunum fannst þetta spennandi og voru þau fljót að tileinka sér fyrirkomulag matsalarins. Að læra að skammta sér sjálf á diskinn sinn, sækja sér glas og hnífapör, velja sér sæti og ganga frá eftir sig eflði mikið sjálfshjálp þeirra og trú á eigin getu.

Svanaland er yngsta deild leikskólans og dvelja þar börn á aldrinum eins árs til tæplega þriggja ára. Aldurbilið er því stórt og er málþroski barnanna mjög misjafn. Við gerum okkar besta við að nýta allar stundir til málörvunar og bjóða upp á efnivið við hæfi allra barnanna. Við eflum málþroska og aukum orðaforða í gegnum lestur, leik, söng og önnur verkefni. Við sjáum þó að við getum nýtt leikinn enn betur til málörvunar og viljum því leggja sérstaka áherslu á það næsta vetur. Eins og síðustu ár notuðum við námsefnið Lubbi finnur málbein til að kynna íslensku mállhljóðin fyrir börnunum. Náms efni sem fylgir Lubba var notað í samveru með börnunum og var þeim skipt í eldri og yngri hóp. Þar fórum við yfir staf vikunnar (sem var sá sami 2 vikur í senn), börnin fengu að skoða myndir og við æfðum okkur að bera mállhljóðin fram og nota hreyfingar sem tákna mállhljóðin. Þar sem að börnin eru mjög ung höfum við lagt áherslu á að fara yfir færri stafi í einu en gera það vel.

Annað sem við lögðum áherslu á í vetur var að fylgja dagskipulaginu vel eftir, jafnvel þó að það vantaði starfsmenn. Okkur fannst mikilvægt að passa upp á að börnin fengju alltaf sinn tíma í hreyfingu í lðu, útiveru og öðru skipulögðu starfi. Með útsjónarsemi, góðu samstarfi og hagræðingu í planinu gekk það oftast vel og erum við mjög ánægð með það. Miklar breytingar urðu á starfsmannahópnum á deildinni um haustið og þurftum við því einnig að samstilla hópinn. Með jákvæðni og hjálpsemi að leiðarljósi gekk það mjög vel og höldum við því ótrauð áfram inn í næsta skólaár.





Umbótaáætlun Svanalands 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Að nýta öll tækifæri sem gefast í daglegu starfi til málörvunar. Við erum með mjög ung börn sem mörg eru bara rétt að byrja að tala þegar að þau byrja í leikskólanum. Mikilvægt er að byrja strax að auðga orðaforða þeirra og kenna þeim samskipti til þess að þau geti tjáð sig, tekið þátt og uni sér sem best í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta	Við viljum vera enn duglegri að nýta öll tækifæri í daglegu starfi til málörvunar með því að leggja orð á allar athafnir og vera duglegri að lýsa því sem fram fer í umhverfi barnanna. Við viljum leggja sérstaka áherslu á að nýta leikinn til málörvunar. Leikurinn er aðalnámsleið barnanna og það er svo margt sem við getum kennt þeim í gegn um hann. Við ætlum að vera duglegri að nýta Tákn með tali þar sem að við sjáum að það getur hjálpað þeim börnum sem eru með slakan málþroska. Einnig viljum við vera duglegri að lesa einstaklingslega með börnunum, ekki bara í samverustundum. Samhliða þessu munum við auðvitað halda áfram að nýta Lubba í samverustundum.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á að leggja sitt af mörkum
Upphaf og lok	Hefst núna strax í vor og lýkur í raun aldrei heldur munum við meta árangur reglulega og gera úrbætur ef þörf er á.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Við munum meta árangur á deildarfundum. Einnig verður hver starfsmaður að ígrunda sína eigin starfshætti og finna leiðir til þess að nýta styrkleika sína til málörvunar
Tækifæri til umbóta	Fara yfir þann efnivið sem við bjóðum börnunum uppá á deildinni og bæta við efnivið sem styður betur við sjálfsprottinn leik og nýja þekkingarsköpun.
Aðgerðir til umbóta	Við viljum byrja á að fara í gegnum allan þann efnivið sem við höfum á deildinni og meta notagildi hans út því hvort hann styðji við sjálfsprottinn leik og sköpun. Þegar það er búið viljum við skoða hvort við þurfum að bæta við efnivið.
Ábyrgð	Starfsmenn deildarinnar
Upphaf og lok	Við ætlum okkur að nýta starfsdaga haustsins. Við viljum vinna verkið í nokkrum skrefum. Verkefninu lýkur þegar að við teljum efniviðinn styðja vel við leik og sköpun barnanna.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur verður metinn reglulega yfir skólaárið og breytingar gerðar ef þess þarf.
Tækifæri til umbóta	Auka samskipti og samtal við foreldra. Við viljum leggja meiri áherslu á foreldrasamskipti og samstarf. Það er svo mikilvægt að starfsfólk og foreldrar séu á sömu blaðsíðu og vinni saman að því að efla börnin.
Aðgerðir til umbóta	Okkur þykir mikilvægt að allir starfsmenn deildarinnar séu öruggir í samskiptum sínum við foreldra og myndi traust. Síðasta vetur unnum við að samskiptasáttmála Rofaborgar og finnst okkur mikilvægt að festa hann vel í sessi. Gott væri að fá handleiðslu, annað hvort frá stjórnendum eða öðrum utanaðkomandi, þar sem lögð er sérstök áhersla á leiðir til þess að byggja upp gott foreldrasamstarf.
Ábyrgð	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að tileinka sér þau vinnubrögð sem samskiptasáttmálinn kveður á um.





Upphaf og lok	Verkefnið hefst strax næsta haust en hefur engin sérstök lok því að mikilvægt er að vinna stöðugt að því að viðhalda góðum samskiptum.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Metið reglulega á deildarfundum og hver starfsmaður ígrundar sín vinnubrögð.

4.2 Þrastaland

Lífið á Þrastalandi veturinn 2024-2025 einkenndist af góðu samstarfi og samskiptum starfsfólks og barna á deildinni. Starfsfólkið náði vel saman og voru allir meðvitaðir um sitt hlutverk og reglur á deildinni. Þessi samvinna skilaði sér í mjög góðu dagskipulagi sem hentar vel fyrir aldurshópinn á deildinni. Það var sveigjanlegt og passað upp á að rými væri fyrir óvænt atvik sem geta komið upp s.s. veikindi starfsfólks.

Samskiptin við foreldra voru heilt yfir mjög góð og erum við mjög þakklát fyrir það. Foreldrar voru duglegir við að leita til starfsfólks og biðja um frekari upplýsingar um börnin og voru áhugasamir um að vita hvernig dagarnir þeirra í leikskólanum gengu. Foreldrar fengu í hendur hópaskiptingu og dagskiplag strax að hausti þar sem þeir gátu fylgst með starfinu hvern dag.

Börnin voru fljót að tileinka sér dagskipulagið og hvaða hópi þau tilheyrðu, sem veitti þeim öryggiskennd og vellíðan. Við skiptum barnahópnum upp í tvo hópa, Krókódílahópur með eldri börnunum á deildinni og kisuþópur með yngri börnunum. Tveir starfsmenn fylgdu sama hópnum allan veturinn. Þessir hópar fylgdust að í daglegu starfi allan veturinn s.s. hreyfistund, myndlist, Lubbastund og útikennslu. Í Blæstundum voru hóparnir breytilegri og þær stundir fóru fram eftir hádegi. Í vísindastarfi voru allir saman að fylgjast með tilraunum og í „Sýna og segja frá“ voru börnin einnig öll saman.

Málörvun gekk vel í vetur. Við nýttum öll tækifæri sem gáfust í daglegu starfi til að lesa einslega eða fyrir litla hópa og spjalla við börnin (10 mínútna reglan). Við viljum gjarnan bæta skráningu til að halda betur utan um málörvunina.

Þrastaland - Umbótaáætlun 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Leggja meiri áherslu á að virkja sköpunargleði barnanna í leik og listsköpun: Auka vægi þess að nýta opinn efnivið og verðlaust efni. Að börnin upplifi gleði og áhuga og njóti þess að leika og skapa sjálf.
Aðgerðir til umbóta	Gefa börnunum meiri tíma til listsköpunar í listasmiðju og tækifæri til að velja efnivið til að leika með og skapa sjálf. Hver hópur á sinn dag fram að hádegi fyrir skapandi starf í listasmiðju og frjálsum leik.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni eru ábyrgir. Börnunum er skipt upp í 2 hópa, yngri og eldri, 8 börn og 2 kennarar í hvorum hópi.





Upphaf og lok	September 2025 til maí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Myndrænar skráningar og viðtöl við börnin jafnt og þétt yfir veturinn á meðan skapandi starf fer fram. Þessar skráningar fara síðan í ferilmöppur þeirra. Endurmat og umræður á deildarfundum.
Tækifæri til umbóta	Styrkja börnin til sjálfshjálpar: Að börnin verði meira sjálfbjarga í fataklefa s.s. að klæða sig úr og í útifötin, í matsal s.s. að brytja matinn sinn sjálf og bjargi sér á klósettinu. Að börnin upplifi gleði og ánægju yfir að geta gert hlutina sjálf.
Aðgerðir til umbóta	Hvetja börnin til að reyna að gera hlutina sjálf en vera þeim innan handar ef þau þurfa aðstoð og að þau læri að biðja um hana. Gefa þeim tíma og rými (t.d. færri börn í einu í fataklefanum) til að gera hlutina sjálf og sýnum þeim þolinmæði.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildin eru ábyrgir.
Upphaf og lok	September 2025 til maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Skráning á getu hvers barns í uppafi og framförum að vori. Umræða um hvernig gengur á deildarfundum.
Tækifæri til umbóta	Vekja áhuga barnanna á að nýta sér fjölbreyttan opinn efnivið til að nota í frjálsum leik.
Aðgerðir til umbóta	Hafa fjölbreyttan opinn efnivið í boði sem börnin geta valið sér til að skapa sinn leik s.s. allskonar kubba, efnisbúta, hólka og verðlausan efnivið. Hver hópur á sinn dag fram að hádegi fyrir skapandi starf, í listasmiðju og frjálsum leik
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni. Börnunum er skipt upp í 2 hópa, yngri og eldri, 8 börn og 2 kennarar í hvorum hópi.
Upphaf og lok	September 2025 til maí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Myndrænar skráningar og viðtöl við börnin jafnt og þétt yfir veturinn á meðan skapandi starf fer fram. Þessar skráningar fara síðan í ferilmöppur þeirra. Endurmati og umræðum á deildarfundum.
Tækifæri til umbóta	Auka máltjáningu, orðaforða og skilning barnanna ásamt því að gera ritmál sýnilegra á deildinni. Auka skráningu fyrir einstaklingslestur og Gefðu 10.
Aðgerðir til umbóta	Nýta tímann milli 8:15 og 9:00 betur til þess að auka einstaklings lestur. Auka lestur fyrir misstóra hópa, læra þulur, vísur, söngva og rím. Gefa börnunum tækifæri til að semja sjálf eða segja frá fyrir framan hópinn. Unnið verður með verkefni „Lubbi finnur málbein“ og „Sýna og segja frá“ og Gefðu 10. Merkja allan efnivið á deildinni og verkefni barnanna.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar sér um þessar stundir eina viku í senn og skráir fyrir hvern er lesið hverju sinni. Einnig er það á ábyrgð alls starfsfólks á deildinni að gefa hverju barni 10 mínútur og skrá það daglega.
Upphaf og lok	September 2025 – maí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Með skráningu jafnt og þétt yfir árið og umræðum á deildarfundum um hvernig gengur.





4.3 Lóuland

Að okkar mati gekk veturinn vel. Við vinnum vel saman sem teymi og höfum fengið góða afleysingastarfsmenn sem eru áhugasamir og vilja taka þátt í starfinu. Samvinna og skipulag á deildinni hefur gengið vel. Starfsfólk er opið fyrir hugmyndum hvers annars og hafa mikið sjálfstæði innan rammans.

Hver starfsmaður hefur sitt hlutverk og við styðjum hver aðra vel í daglegu starfi. Við leggjum áherslu á að vinna markvisst, bæði í skipulögðu starfi þar sem við skiptum börnunum í litla hópa, sem og í leik, þar sem við styðjum við félagsfærni barnanna og reynum alltaf að sjá og byggja á styrkleikum þeirra.

Við leggjum okkur fram við að sjá og mæta þörfum hvers barns og sjáum skýrar framfarir. Börnunum líður vel í leikskólanum og koma glöð á morgnana. Þau vilja vera nálægt okkur og njóta samverunnar. Foreldrarnir eru ánægðir og við höfum fengið hrós frá þeim.

Flestar skipulagðar stundir fóru fram eins og til stóð og okkur tókst yfirleitt að fylgja áætluninni. Við vinnum einnig með sjálfshjálp og sjálfstraust og sjáum góðan árangur – mörg börn sem voru feimn í upphafi hafa nú meira sjálfstraust og taka þátt af öryggi.

Lestur er vinsæll hjá börnunum og við lesum mikið með þeim, bæði í hóp og einstaklingslega. Við viljum bæta einstaklingslesturinn og minnum hverja aðra á ef einhver gleymir sér.

Tíminn eftir hádegi getur verið krefjandi því það er margt að gera og börnin þurfa oft aðstoð, sérstaklega við að fara út. Við erum oft bara tvær saman, en vegna góðrar samvinnu gengur þetta yfirleitt vel.

Lóuland - Umbótaáætlun 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Við viljum bæta einstaklingslestur og gera hann markvissari . Við sjáum tækifæri til að styðja sérstaklega vel við fjölbýngd börn og auka orðaforða þeirra. Markmiðið er að lesa með skýrari áherslum, þannig að lesturinn verði áhrifaríkari fyrir hvert barn.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að vinna með aðferðina „dialogic reading“ (samræðulestur) og tengja hana við bók vikunnar. Í hverri viku veljum við eina bók sem við lesum ítrekað með börnunum, bæði í hóp og einstaklingslega. Við veljum fyrir fram ákveðin lykilorð úr bókinni sem við leggjum sérstaka áherslu á. Í samræðulestri spyrjum við börnin spurninga, gefum þeim tækifæri til að segja frá, og hvetjum til samtals um efnið. Við ætlum einnig að skrifa niður hvaða barn hefur fengið einstaklingslestur til að tryggja jöfnuð.
Ábyrgð	Öll deildin ber ábyrgð á framkvæmd lestursins.
Upphaf og lok	Verkefnið hefst í september 2025 og lýkur í júlí 2026.





Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður ræddur mánaðarlega á deildarfundum. Við skoðum hvort markvissari lestur hafi áhrif á orðaforða og þátttöku barnanna, sérstaklega þeirra sem eru fjöltyngd. Við skráum reglulega hjá okkur hvernig lesturinn gengur og spyrjum börnin í samtölum hvað þeim finnst um bókina hverju sinni.
Tækifæri til umbóta	Við viljum halda áfram að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust barnanna í daglegum aðstæðum , sérstaklega þegar kemur að því að klæða sig og koma fram fyrir hópinn. Þetta eflir trú barnanna á eigin getu og hjálpar þeim að þroskast bæði félagslega og tilfinningalega.
Aðgerðir til umbóta	Við viljum hvetja börnin til að klæða sig sjálf og gefa þeim nægan tíma og ró í fataklefanum. Við viljum reyna að skipta börnunum í minni hópa í fataklefanum til að skapa rólegri stemningu og betra aðgengi að aðstoð ef þörf er á. Við vinnum líka með sjálfstraust í samverustundum þar sem börnin fá tækifæri til að koma fram fyrir hópinn – kynna sig, segja frá verkefni sínu eða sýna eitthvað sem þau hafa unnið. Þessar æfingar viljum við halda áfram með, þar sem þær hafa góð áhrif á sjálfstraust og tjáningu barnanna.
Ábyrgð	Allt teymið ber ábyrgð á daglegum stuðningi við sjálfstæði barna.
Upphaf og lok	Verkefnið hefst í september 2025 og lýkur í júlí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Við metum framfarir barnanna með reglulegum athugunum (t.d. skráningum) á því hversu sjálfstæð þau eru orðin við að klæða sig. Við skoðum einnig þátttöku þeirra í samverustundum – hvort fleiri þori að koma fram og hvernig þau tjá sig. Við ræðum þetta reglulega á deildarfundum.
Tækifæri til umbóta	Við viljum breyta því hvernig við vinnum með Blæefnið . Í stað þess að hafa bara fastar Blærestundir í hópum viljum við blanda efninu meira inn í daglegt starf deildarinnar. Markmiðið er að vinna markvissar með félagsfærni barna í gegnum dagleg samskipti og samtöl, og um leið skapa meira rými fyrir leik og flæði í dagskránni.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að hengja upp veggspjald úr Blætöskunni á töfluna og nota það sem „mynd vikunnar“. Sú mynd verður upphafspunktur að samtölum um tilfinningar, vináttu og reglur um hvað má og hvað ekki má. Þetta verður hluti af daglegu starfi og samtölum við börnin. Þó við höfum þegar unnið svona að einhverju leyti viljum við gera þetta markvissara og skipulagðara. Með því losum við einnig tíma í dagskránni fyrir meiri leik og flæði, sem við stefnum að.
Ábyrgð	Öll deildin ber ábyrgð á framkvæmdinni. Einn starfsmaður verður ábyrgur fyrir að velja mynd vikunnar og hengja hana upp á töfluna.
Upphaf og lok	Verkefnið hefst í september 2025 og lýkur í júlí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður ræddur mánaðarlega á deildarfundum. Við metum hvort börnin taki virkari þátt í samtölum um tilfinningar og samskipti og hvort breytingin hafi áhrif á ró og leikgleði í hópnum. Við munum einnig biðja börnin um að segja frá því hvað þau muna eða tengja við mynd vikunnar og meta þannig árangur óformlega.





4.4 Krummaland

Veturinn 2024-2025 á Krummalandi gekk ágætlega. Við byrjuðum að nota í auknum mæli opinn efnivið, bæði í leik og starfi. Í sjálfsprottnum leik skilaði það sér í meira skapandi hugsunarhætti og meiri dýpt í leik barnanna. Í myndlist skilaði það sér í verkefnum sem voru hugarsmíð barnanna og unnið algerlega á þeirra eigin forsendum. Sem dæmi um það má nefna jólagjafir sem börnin sköpuðu fyrir foreldra sína út frá sínum eigin hugmyndum þar sem engar tvær gjafir voru eins. Í samverustundum var lagt upp með að skapa vettvang þar sem börnin og kennarar gætu rætt saman hin ýmsu málefni líðandi stunda. Okkur þótti mikilvægt að veita börnunum tíma og rými til þess að spyrja spurninga sem liggja þeim á hjarta og höfðum það að markmiði að svara börnunum af virðingu og heiðarleika og sýna áhugamálum og vangaveltum þeirra áhuga.

Við teljum okkur hafa náð að fylgja dagskipulagi barnanna vel eftir og var hlutverk hvers og eins starfsmanns skýrt. Hver og einn starfsmaður fékk undirbúningstíma til þess að skipuleggja verkefni sín og stóðu allir sig með þryði.

Vettvangsferðir skólahóps gengu mjög vel þetta árið og erum við mjög ánægð með þennan mikilvæga og lærdómsríka hluta starfsins. Við sjáum miklar framfarir hjá börnunum og metum sem svo að vettvangsferðirnar hafi styrkt sjálfsmynd barnanna og eflt frumkvæði þeirra og sjálfstraust.

Í nýafstöðnum foreldraviðtölum kom fram að foreldrar væru ánægðir með það starf sem unnið er á Krummalandi og þökkðu margir sérstaklega fyrir hlýtt viðmót og væntumþykju í garð barnanna. Við erum mjög þakklát fyrir falleg orð í okkar garð og stolt því að eitt okkar helsta markmið í gegnum árin hefur verið að taka alltaf vel á móti öllum börnum og foreldrum og að þeim líði vel í leikskólanum.

Krummaland – Umbótaáætlun 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Við ætlum að byrja með „ sýna og segja frá “ og gera það með skipulögðum hætti. Við vorum byrjuð á þessu verkefni en af því að það var ekki nógu markvist þá missti það svolítið marks. Þessu viljum við breyta.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að hafa skráningu með dagsetningum og nöfnum barnanna til að gæta sanngirni. Þokinn verður sendur heim tvisvar í viku og samveran í kringum þessa stund verður lengri og skemmtilegri.
Ábyrgð	Vallý deildarstjóri
Upphaf og lok	Ágúst 2025 – Maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Með samtali við börnin og á deildarfundum. Árangur hefur náðst ef planið heldur sér vel yfir veturinn og við sjáum framfarir í tjáningu hjá börnunum.





Tækifæri til umbóta	Aukinn lestur inni á deild. Við ætlum að bæta okkur í skipulögðum lestrarstundum með börnunum. Við byrjum alltaf mjög vel en svo detta þær niður. Lestur er svo mikilvægur partur af leikskólastarfinu og viljum við gera mun betur í þeim efnum. Við viljum lesa á hverjum degi fyrir börnin.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að hafa fastar lestrarstundir eftir ávaxtastund. Börnin koma saman í samveru og fá ávexti, eftir ávaxtastund og almennt spjall eru börnin sett í hópa og lesið er fyrir þau bækur sem henta þeirra getu. Eftir að sagan er lesin verður tekin umræða um innihald bókarinnar til að dýpka lesstundina.
Ábyrgð	Hópstjóri hvers lestrarhóps
Upphaf og lok	Ágúst 2025 – Maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Tölum um lesturinn á hverjum deildarfundum, og ræðum um hvernig gengur og hvað mætti bæta.
Tækifæri til umbóta	Breytt fyrirkomulag leikhópa. Leikhóparnir skipta miklu máli í að tengja saman börn í leik. Með því að skipta börnunum niður getur starfsfólk betur fylgst með samskiptum barnanna og aðstoðað þau í að finna lausnir ef upp koma árekstrar.
Aðgerðir til umbóta	Hafa stundirnar að minnsta kosti 2-3 í viku. Stundirnar verða á morgnanna frá 8:50 – 09:30. Börnin velja í sameiningu leikefnivið sem þau leika svo með. Svo fara börnin í ávaxtastund og svo í kjölfarið í leshópana sína, þá festist þetta í rútinu. Mikilvægt er að halda skráningar um stundirnar og ætlum við að bæta okkur í þeim.
Ábyrgð	Hópstjóri hvers hóps.
Upphaf og lok	Ágúst 2025 – Maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður metinn á deildarfundum og með því að ræða við börnin og fá þeirra álit.
Tækifæri til umbóta	Auknar gönguferðir um hverfið. Við finnum að við þurfum að vera duglegri að fara í lengri og fjölbreyttari gönguferðir með börnin um hverfið. Gönguferðir eru mjög mikilvægar í að efla þrek og þol hjá börnunum og líka að kenna þeim um allskyns fyrirbæri í náttúrunni. Einnig þykir okkur mikilvægt að sýna börnunum náttúrufegurðina í kring um leikskólann. Við ætlum því að fara í göngutúr að minnsta kosti einu sinni í viku með hvern hóp, en oftar ef tækifæri gefst.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að skipta deildinni í tvennt, Skólahópur og yngri hópur. Settur verður inn fastur tími í dagskipulagið þar sem farið er í gönguferðir. Mikilvægt er einnig að vera búin að skipuleggja hvert eigi að ganga og hafa tilbúið umræðuefni fyrir hverja ferð, t.d. að velta fyrir okkur fuglum í dalnum einn daginn, svo trjám, blómum o.s.frv.
Ábyrgð	Vallý deildarstjóri er ábyrgðarmaður verkefnisins
Upphaf og lok	September 2025 – maí 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Verkefnið verður metið á deildarfundum og árangur hefur náðst ef gönguferðirnar haldast vel í dagskipulaginu og árangur sést í þreki og þoli barnanna sem og aukinn skilningur og umhyggja fyrir náttúrunni.





4.5 Spóaland

Deildin okkar í ár var einstaklega orkumikill og fjörug. Fyrstu mánuðir fóru aðallega í það að ná aga á hópnum og fara yfir reglur á deildinni. Við ákváðum að taka deildina í gegn og fórum í mikla tiltekt og breyttum uppsetningu deildarinnar. Við bjuggum til dagskipulag fyrir bæði yngri hóp og skólahóp sem okkur tókst vel að fylgja eftir. Við byrjuðum að nota svæðaskipan í vali og leikhópa á morgnanna. Markmiðið með leikhópunum var að bæta tengsl barnanna, gera þau sjálfstæðari og fá þau til að vinna og komast að lausnum saman, eins og t.d. að ræða hvaða efnivið hópurinn vildi leika með. Verkaskipting starfsmanna var góð og vel skipulögð svo allir starfsmenn vissu hvar þeir áttu að vera á hverri stundu og allir voru opnir fyrir nýjum hugmyndum og tóku tillit til skoðana annarra.

Eftir því sem leið á veturinn jókst samstarfið milli Spóalands og Krummalands sem hjálpaði mikið og braut vel upp daginn. Yngri hópur og skólahópur fengu að fara tvisvar í viku í hreyfistund þar sem við sameinuðum deildarnar.

Þegar til baka er litið er okkur efst í huga hvað vísindastarfið gekk vel og var lærdómsríkt fyrir börnin. Við tókum eftir því hvernig andrúmsloftið breyttist inni á deildinni þegar við fórum markvisst að vinna með ákveðin þemu. Börnin sýndu meiri áhuga á starfinu, urðu jákvæðari, vellíðan jókst og agi varð meiri. Aðal þemað okkar í vetur var geimurinn þar sem við fórum í gegnum allar pláneturnar í sólkerfinu okkar og unnum verkefni í samræmi við það. Listasmiðjan var einnig nýtt í það að ýta undir þemað og teiknuðu börnin t.d. sínar eigin plánetur og bjuggu til sögu um og skýrðu hana. Seinna þemað sem við unnum með var heimsálfurnar. Þá vorum við aðallega að fræðast um dýrin í hverri heimsálfu en komum þó inn á menninguna líka.

Skólahópur fór í ferðir utan leikskóla u.þ.b. tvisvar í mánuði og gengu þær ferðir mjög vel og börnin nutu þess að fá að fara og læra nýja hluti. Þau voru áhugasöm, spennt og stolt í þessum ferðum. Við nýttum okkur einnig Töfrasel einu sinni í viku í skólaverkefni og leik með skólahóp. Yngri hópur vann mikið með Lubba og Blæ, þá var bæði Lubbastund og Blæstund einu sinni í viku. Lubbastund hjálpaði til með að auka áhuga barnanna á bókstöfum og máhljóðunum. Í Blæstund lögðum við áherslu á tilfinningarnar og fórum í gegnum ýmsar aðstæður sem geta komið upp í lífinu og hvað er hægt að gera í þeim aðstæðum.

Foreldrasamstarf var gott í byrjun skólaárs en varð enn betra eftir því sem leið á veturinn. Foreldrar tóku meira þátt í leikskólastarfinu og voru duglegir að mæta á foreldramorgna og opin hús. Yfir allt skólaárið höfum við verið að vinna með sjálfstæði og að hafa stjórn á tilfinningunum okkar sem hefur gengið vel og börnunum hefur farið mikið fram. Eftir því sem leið á veturinn sáum við líka að velferð og vellíðan jókst hjá börnunum.





Spóaland - Umbótaáætlun 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Við ætlum að einbeita okkur meira að markvissri kennslu og fræðslu. Okkar reynsla er að börnin eru ánægðari og það er meiri agi á deildinni þegar við erum að fræða börnin í vísindastarfi og verkefnum. Við höfum þurft að einbeita okkur að því að ná upp aga í vetur og þess vegna hefur skólastarf þurft að víkja. Við fundum fyrir miklum mun á hópnum þegar við náðum að innleiða meiri kennslu í gegnum vísindastarfið og gerðum við það mjög vel þegar það gafst tími til (forföll kennara og barna og frí höfðu þó mikil áhrif).
Aðgerðir til umbóta	Í stað þess að vera aðeins með vísindastarf á vor misseri þá ætlum við að vera með þemu út allan veturinn. Hvert þema verður í einn mánuð í senn. Við ætlum að nýta okkur listasmiðjuna, vettvangsferðir, skólaverkefni og samverustundir til þess að vinna með og ræða hvert þema. Við teljum mikilvægt að fá foreldra til þess að taka þátt í þessu verkefni með okkur. Þess vegna ætlum við að vera dugleg að upplýsa foreldra um hvert þema svo að þeir geti haldið umræðunni gangandi heima fyrir líka. Við ætlum að halda áfram að vinna í samstarfi með verkefnastjóri málörvunar til þess að þau börn sem þurfa meiri stuðning og tíma fái að njóta sín líka.
Ábyrgð	Deildarstjóri er með yfirumsjón og ber ábyrgð á þessum þætti starfsins. Starfsmenn deildar bera svo ábyrgð á þemanu sem þeim er úthlutað og fá undirbúning í samræmi við þau verkefni.
Upphaf og lok	Hefst í september 2025, lýkur í mars 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Endurmetið eftir hvert tímabil á deildarfundi hvernig hefur gengið. Samtal í samverustund við börnin í lok hvers mánaðar um hvað þau hafa lært og hvað þeim fannst skemmtilegast. Ef 80% af börnum getur tekið þátt í umræðunum í lok hvers tímabils metum við sem svo að árangur hafi náðst.
Tækifæri til umbóta	Innleiðing Reggio Emilia hugmyndafræðinnar í öllu skapandi starfi og listasmiðju. Leikskólinn er sem stendur að innleiða hugmyndafræði Reggio Emilia og er það gert í skrefum. Við ætlum því að taka næstu skref og einbeita okkur að því að gera nám í listasmiðjunni barnmiðaðra. Með því er átt við að fara úr kennarastýrðum verkefnum í að fylgja áhuga barnanna og þannig ýta undir skapandi hugsun og ímyndun.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að bæta aðgengi að föndri inni á deild. Við viljum bjóða upp á fjölbreyttari efnivið í vali sem börnin geta gengið sjálf að. Við leggjum áherslu á hugmyndavinnu með börnunum og hvetja börnin til þess að ræða sín á milli og fá hugmyndir frá hvert öðru. Við ætlum að gefa okkur tíma til þess að setja upp leik og „sviðsetningu“ með börnunum og efla þannig ímyndunaraflíð. Þetta gerum við með því að einbeita okkur meira að opnum efnivið og hlutverkaleik.
Ábyrgð	Listasmiðjukennari fer með yfirumsjón á föndri (aðgengi, efniviður og tími) en allir starfsmenn á deild bera ábyrgð á þessum þætti starfsins, bæði skapandi frjálsum leik og list.
Upphaf og lok	Hefst í september 2025, lýkur í maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Starfsfólk ræðir og endurmetur á deildarfundum. Árangri hefur verið náð ef börnin sýna frumkvæði að því hvað þau vilja gera í listasmiðju.
Tækifæri til umbóta	Við ætlum að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Það er okkar reynsla að virðing fyrir náttúrunni hefur farið minnkandi í samfélaginu og þess vegna viljum við leggjum áherslu á mikilvægi náttúrunnar.





Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að vera duglegri að fara í göngutúra út fyrir leikskólann og ræða hvað við sjáum í náttúrunni. Við viljum virkja öll skynfæri með því að benda á mismunandi hljóð, lykt, liti og áferðir. Náttúran verður tekin fyrir sem eitt af þemunum í starfinu. Við ætlum einnig að nýta okkur efniviðinn í náttúrunni í listasmiðjunni og vekja þannig enn meiri áhuga.
Ábyrgð	Starfsmaður á deild sér sérstaklega um þetta þema og er með yfirumsjón. Allir starfsmenn á deildinni bera þó ábyrgð á og taka þátt í þessum þætti starfsins.
Upphaf og lok	Hefst september 2025, lýkur júní 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Rætt á deildarfundum. Árangri hefur verið náð ef börnin ganga vel um leikskólalóðina.
Tækifæri til umbóta	Við ætlum að vinna meira með Blæ í skipulögðu starfi. Við viljum undirbúa börnin sem best fyrir lífið og teljum að stór hluti þess er að gefa þeim þau verkfæri sem þau þurfa til þess að mynda sterk félagsleg tengsl og eiga góð samskipti við aðra og Blær er tilvalið í það.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að vera með fasta Blæstund einu sinni í viku þar sem við æfum okkur að setja okkur mörk, setja orð á tilfinningar og ræðum ýmsar aðstæður sem geta komið upp í lífinu. Við viljum efla börnin í því að setja sig í spor annarra og sýna samúð. Við ætlum að nýta okkur listasmiðjuna og hvetja börnin til þess að tjá sig í gegnum list og sköpun. Gefa okkur tíma og meiri undirbúning, ræða hvað ert mikilvægt og hvað við viljum fá út úr þessu
Ábyrgð	1-2 starfsmenn á deild sem myndu sjá um skipulagningu og framkvæmd
Upphaf og lok	September 2025-maí 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Deildarfundir og undirbúningur fer í að skoða stöðuna. Ef 80% barnanna getur tjáð tilfinningar sínar þá er árangri náð
Tækifæri til umbóta	Við ætlum að einbeita okkur að markvissri málörvun inni á deild. Þó málörvun hafi verið ágæt í vetur má alltaf bæta hana. Þegar börnin eru með góðan orðaforða og geta tjáð sig þá eykst vellíðan þeirra.
Aðgerðir til umbóta	Við viljum nota Lubba enn meira með því t.d. að senda Lubba með heim og fá foreldra með í starfið. Við ætlum að vera með bókstafina/málhljóðin sýnileg inni á deild og í fataklefa, nýta okkur TMT og þá sérstaklega fyrir þau börn sem eru með slakari málþroska, lesa meira fyrir börnin, vera með bókahorn þar sem bækur eru sýnilegri og skipta reglulega um bækur, spyrja börnin opinna spurninga og leggja orð á athafnir.
Ábyrgð	1-2 starfsmenn á deild sjá um undirbúning fyrir Lubba en allir starfsmenn á deildinni bera ábyrgð.
Upphaf og lok	Hefst byrjun september 2025, lýkur lok maí 2026
Hvernig er árangur metinn	Starfsmenn nota undirbúning til þess að setjast niður og ræða árangur. Ef börnin þekkja 70% bókstafa/málhljóða sem lögð hafa verið inn, hefur góðum árangri verið náð.





5 Sérkennsla og málörvun

Í þessum kafla er fjallað um mat á sérkennslu og málörvun fjöltyngdra barna veturinn 2024-2025. Einnig eru settar fram umbótaáætlanir með markmiðum og leiðum að þeim fyrir skólaárið 2025-2026.

5.1 Mat á sérkennslu veturinn 2024-2025

Nokkuð vel gekk að vinna með þá umbótaþætti sem ætlunin var að vinna með á árinu. Samstarf milli stuðningsaðila leikskólans jókst með tilkomu lærdómssamfélags sérkennslunnar. Draumurinn var að geta fundað vikulega en vegna fjölda stuðningsaðila á sömu deildum gekk það ekki upp þetta árið. Í dag eru fundirnir haldnir á fjögurra vikna fresti í klukkustund í senn. Á þessum fundum gefst stuðningsaðilunum tækifæri til að ræða sín á milli bæði um það sem vel gengur og það sem er þeim áskorun í starfi. Tækfæri gefst til að fá stuðning hver frá öðrum ásamt því að deila góðum ráðum og verkefnum sem hægt er að nýta með börnunum. Almenn ánægja hefur verið meðal stuðningsaðilanna með þetta tækifæri til aukins samstarfs.

Stofnað var lausnaleitarteymi í leikskólanum sem hittist reglulega yfir skólaárið. Tilgangur þess er að sjá til þess að þau börn sem þurfa á snemmtækri íhlutun að halda, fái þá þjónustu. Deildarstjórar eða foreldrar barnanna geta þá leitað ráða hjá teyminu varðandi ýmis mál. Teymið fer yfir upplýsingar frá þeim og nýtum við svo þær bjargir sem við höfum innan leikskólans til að styðja við börnin og foreldra þeirra í einhverjum tilfellum. Ef ástæða þykir til, leitum við ráða hjá ráðgjöfum Austurmiðstöðvar og í sumum tilfellum er stofnað teymi utan um barnið sem hittist þá á sex til átta vikna fresti. Vel gekk að halda þessa fundi fyrri hluta árs en fundirnir duttu svolítið niður eftir áramót vegna breytinga á vinnutíma starfsmanna og þarf því að endurskoða á hvaða tíma hentar best að hafa fundina.

Farið var í tiltekt í sérkennsluherberginu og efnið flokkað betur en áður var. Séð var til þess að leiðbeiningar fylgdu þeim verkefnum sem þar eru til að auðvelda öllu starfsfólki að nýta þau. Einnig er ætlunin að útbúa málörvunarkörfur sem settar verða inn á deildarnar svo að starfsfólk geti þá gripið í verkefni í stað þess að þurfa að fara út af deildinni til að sækja þau. Keyptir voru vagnar fyrir starfsfólk sérkennslunnar og eru nú stuðningsaðilarnir hver með sinn vagn með þeim gögnum og verkefnum sem notuð eru með börnunum í vinnustundum. Slíkt hefur reynst vel og auðveldað stuðningsaðilunum að halda utan um þau verkefni sem unnið er með hverju sinni. Sérkennsluherbergið er ekki alveg orðið eins og við viljum hafa það en það er á mjög góðri leið.

Skipulagning sérkennslu

Skólaárið 2024-2025 fengum við úthlutað fjármagni með átta börnum, þar af voru fjögur þessara barna með stuðning allan sinn viðverutíma í leikskólanum. Tvö börn fengu úthlutað sex tímum og tvö börn





fengu fjóra tíma. Stuðningsaðilar barnanna fylgdu þeim í leik og starfi innan leikskólans og mat var lagt á það varðandi börnin sem ekki fengu fullan stuðning, í hvaða aðstæðum stuðningurinn nýttist sem best. Markmiðið er alltaf að börn sem njóta stuðnings séu að fá stuðning við að taka þátt í öllu því starfi sem á sér stað á deildinni, að kennslan fari fram í gegnum leikinn og að þau séu hluti af barnahópnum. Öll börnin voru með einstaklingsnámskrá og fóru þau fjórum til fimm sinnum í viku í sérstakar vinnustundir með stuðningsaðila sínum þar sem unnið var eftir einstaklingsnámskránni. Teymisfundir voru haldnir á sex til átta vikna fresti þar sem markmið voru endurskoðuð og ný markmið sett. Í teyllum barnanna voru foreldrar eða forráðamenn barnanna, deildarstjóri deildarinnar, stuðningsaðili barnsins, sérkennslustjóri og ráðgjafar frá Austurmiðstöð. Í sumum tilfellum voru einnig ráðgjafar frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, talmeinafræðingar, ráðgjafar á vegum Barnaverndar eða aðrir sem barnið/fjölskyldan var í ráðgjöf hjá.

Teymisfundir voru einnig haldnir reglulega vegna fjögurra barna sem ekki voru með skilgreindan stuðning. Ráðgjafi frá Austurmiðstöð var í teymi hvers barns og fór það eftir hverju tilfelli fyrir sig hvort um var að ræða hegðunarráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing eða sálfræðing. Nýttar voru þær þjargir sem við höfum hér í leikskólanum þegar um hegðunar- eða skilningsvanda barna var að ræða og má þar nefna félagshæfnisögur, sjónræn dagskipulög og vísbendi, lausnamyndir, umbunar og hvatningarkerfi.

Skólaárið 2024-2025 voru tæp 38% barnanna fjöltyngd. Í leikskólanum erum við með starfsmann sem er í fullu starfi sem verkefnastjóri málörvunar fjöltyngdra barna. Sá starfsmaður tók börnin reglulega í málörvunarstundir ásamt því að fara inn í leik barnanna og efla málþroska þeirra í gegnum leikinn. Ákveðið þema var haft yfir ákveðinn tíma og foreldrar hvattir til að taka þátt. Slíkt var gert með því að hengja upp myndir af þeim orðum sem verið var að leggja inn og ræða, á veggum leikskólans.

Börn sem fóru í málþroskamát / framburðarmát á skólaárinu fengu sérstök verkefni sem voru unnin út frá ráðleggingum talmeinafræðings. Við vorum einnig í sambandi við talmeinafræðinga þeirra barna sem eru nú þegar í talþjálfun hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum. Við fengum hjá þeim ráðleggingar og verkefni til að gera með börnunum hér í leikskólanum.

Matsögn og námsefni

Matsgögn sem notast var við í Rofaborg skólaveturinn 2024-2025 voru TRAS, AEPS, Web-ABLIS, HLJÓM-2, EFI-2, Spurningalisti um virkni hegðunar, Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn. Þessi matsgögn koma að góðum notum við að átta sig á stöðu barnanna og til að vinna út frá styrkleikum þeirra í færni og þroska. Námsefni sem notað var í sérkennslu skólaárið 2024-2025 var m.a. Lubbi finnur málbein, námsgögn og efni framleitt af Hugarfrelsi, Tákn með tali, kennsluaðferðin Leikur að læra, Orðagull, Orð eru ævintýri, námsefni og verkefni búin til í leikskólanum og verkefni frá





Fjölbreytt kennsla. Spil eins og Krakka-Alias, sögupilið, Fun-Deck og fleiri voru notuð í margvíslegum tilgangi. Smáforritin Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard voru einnig notuð í sérstökum vinnustundum. Einnig nýtum við okkur mikið félagshæfnisögur Carol Gray.

5.2 Umbótaáætlun 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Lausnaleitarfundir Sjá þarf til þess að lausnaleitarfundirnir eigi sér fasta fundartíma yfir skólaárið þar sem hætta er á því að þeir detti niður annars. Kynna betur fyrirkomulagið fyrir foreldrum og nýju starfsfólki.
Aðgerðir til umbóta	Setja fundina niður á ákveðnum tímum strax að hausti. Kynna teymið og tilgang þess fyrir nýjum foreldrum og starfsfólki í byrjun haustsins.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Upphaf og lok	Hefst í ágúst 2025, hefur engin lok.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur metinn í lok haust og vorannar ár hvert. Markmið hefur náðst þegar a.m.k. 80% funda hafa verið haldnir yfir skólaárið.
Tækifæri til umbóta	Einstaklingsnámskrár Efla sjálfstæði stuðningsaðila við að útbúa einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra. Valdeflandi fyrir stuðningsaðilana að fá tækifæri til að læra að útbúa námskrárnar sjálf þar sem þeir þekkja börnin oft mjög vel.
Aðgerðir til umbóta	Kenna stuðningsaðilunum að nota AEPS listann og hvernig markmið eru sett út frá þeim lista. Senda stuðningsaðila á AEPS námskeið.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Upphaf og lok	September 2025. Verkefninu lýkur ekki en sjá þarf til þess að nýir stuðningsaðilar fái kennslu í gerð einstaklingsnámskrá þegar tekið er við stuðningi við barn.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur er metinn reglulega með samræðum við stuðningsaðila yfir skólaárið.
Tækifæri til umbóta	Verkefnakista út frá AEPS Byrjað var á því fyrir tveim árum síðan að útbúa verkefni tengd hverjum matsþætti í AEPS listanum. Það reynist vel að hafa verkefni tilbúin þegar meta á það hvort barn hafi náð ákveðinni færni eða þurfi frekari æfingar við.





Aðgerðir til umbóta	Fara yfir hvern matsþátt og útbúa ný verkefni eða nýta verkefni sem þegar hafa reynst vel við mat og kennslu nýrrar hæfni. Sjá til þess að verkefni séu aðgengileg öllum sem nýta listann. Útbúa hillu fyrir verkefni sem búið er að gera. Setja verkefni sem hægt er að prenta út í möppu í sameign. Merkja vel verkefni svo auðvelt sé að finna hvaða matsþætti þau tilheyrja.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Upphaf og lok	Hefst í september 2025 og líkur í júní 2026
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur hefur náðst þegar verkefni eru tilbúin og stuðningsaðilar farnir að nýta þau í vinnu með börnunum. Mat fer fram með samtali milli starfsfólks sérkennslunnar á fundum lærdómssamfélagsins.

5.3 Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025

Ráðstöfun fjármagns sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna

Ráðinn var starfsmaður til að sinna málörvun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)

Unnið var með daglegan grunnorðaforða í gegnum samræður, spil og leik. Stuðst var við námsefni og myndir úr „Orð eru ævintýri“ fyrir samræður. Þar eru börnin spurð opinna spurninga og gefið tækifæri til að tjá þekkingu sína og reynslu. Sköpuðust oft skemmtilegar umræður út frá því og mátti sjá börnin eflast á þann hátt að þau urðu óhræddari við að tjá sig á íslensku. Blandað var saman bókalestri, spilum, verkefnum og leik þannig að börnin fengju tækifæri til að nýta þekkingu sína og það sem þau höfðu lært á fjölbreyttan hátt.

Innlögn og dýpkun orðaforða

Áhersla var lögð á að leggja inn ríkulegan orðaforða þar sem „Orð eru ævintýri“ var mikill stuðningur. Þar sáu börn myndir sem höfðu ótal möguleika og gaf það starfsmanni tækifæri til að efla áhuga þeirra. Þegar búið var að skoða og ræða myndir fylgdu síðan skemmtileg verkefni, sköpun eða leikur sem urðu til þess að dýpka orðaforðann enn frekar. Þá voru námsvefir og myndbönd skoðuð sem vöktu mikla lukku. Í sumum tilfellum var samvinna við deildar þannig að leikurinn og námið tengdist þeim orðaforða sem lagður var inn. Þá nýtti starfsmaður ólík rými leikskólans til að víkka orðaforða barnanna t.d. með því að fara með þau í sýnisferðir í eldhús og kaffistofu.





Matstæki og skráningar

Á þessu skólaári var unnið mikið eftir orðaforðalista MMS. Orðaforði barna var metinn fyrir og eftir innlögn og framfarir skráðar. Orðræða barnanna í samtölum og leik var einnig skráð og þannig fylgst með setningamyndun. Með þessu fékkst góð mynd af framförum barnanna og var betur hægt að grípa þau börn sem sýndu hægar framfarir. Hæfniráttur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla var útbúinn á skráningarformi. Ákveðið var að hefja innleiðingu þeirra á Svanalandi (yngstu deild) og munu þeir fylgja börnunum í gegnum leikskólagönguna. Því mun matstækið vera nýtt á Svanalandi, Þrastalandi og Lóulandi næsta haust.

Þá er EFI-2 lagt fyrir yngri börnin og HLJÓM2 fyrir eldri börnin en um er að ræða stöðluð matstæki á íslensku. EFI-2 gefur mynd af því hvar fjöltyngdu börnin standa er kemur að tjáningu og skilning á íslensku á meðan HLJÓM2 kannar hljóðkerfis og hljóðavitund. Niðurstöður voru nýttar til að efla börnin í þeim færniþáttum sem þau náðu ekki meðalfærni í eins og t.d. talnaskilning, orðaforða, rími, samsettum orðum og fleira.

Hvernig hugað var að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, varðandi málþroska og virka þátttöku barna.

Starfsmaður lagði sig fram við að hlusta á börnin. Þau fengu tækifæri til að tjá sig og segja frá, bæði eigin reynslu og að segja sögur sem þeim datt í hug út frá viðfangsefnum. Í samtölum og málörvunarstundum reyndi einnig á hlustun þar sem börnin æfðu sig í samskiptum, bæði við kennara og önnur börn sem voru með. Þá var orðaforði og málskilningur eflur í gegnum samræður og leik og tilfinningar ræddar. Í gegnum málörvunarstundir komu styrkleikar og áhugi í ljós sem reynt var að fylgja eftir. Stundum vildu börnin fá aftur ákveðin verkefni eða spila ákveðin spil, sem var sjálfsagt. Þá voru einnig útbúinn verkefni út frá áhuga og beiðnum barnanna. Ekki var unnið nægilega markvisst með hljóðkerfisvitund þrátt fyrir að æfingar tengdar rími og atkvæðum orða hafi verið reglulegar. Áhersla var lögð á ritmál í gegnum lestur bóka þar sem ritmál var útskýrt hverju sinni. Lítil áhersla var á að láta börnin skrifa.

5.4 Umbótaáætlun málörvunar fyrir veturinn 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Málörvunarstundir fóru mikið fram utan deildar. Að vera með málörvunarstundir inni á deild í málörvunarhópum er eitthvað sem ég vil bæta til að gera leikskólastarfið meira inngildandi fyrir öll börn. Einnig veitir þetta öllum börnum aukin tækifæri til að taka þátt í málörvunarstund með leikskólasérkennara. Málörvunarstundir tengdust oftast en ekki grunnorðaforða og dýpkun á honum. Málörvunarstundir þyrftu þó einnig að tengjast því sem verið er að vinna með á
---------------------	--





	<p>hverri deild til að börnin geti tekið meiri þátt í daglegu starfi og umræðum og því mikilvægt markmið að bæta úr því.</p> <p>Þá þarf að leggja meiri áherslu á hljóðkerfisvitund, samhliða öðrum verkefnum, þar sem góð hljóðkerfis- og hljóðavitund er ein forsenda lestrarnáms.</p> <p>Loks þyrfti tímaskipulag málörvunarstunda að vera skýrara, bæði fyrir kennara og börn, þannig að vitað sé hvenær leikskólasérkennari er væntanlegur svo börnin missi ekki af öðru mikilvægu starfi eða leik sem á sér stað inni á deild.</p>
Aðgerðir til umbóta	<p>Leikskólasérkennari sest niður með deildarstjórum að hausti. Þar er farið yfir skipulag vetrar, hvað hver deild mun vinna með á næstu mánuðum og hvernig. Þá verður farið yfir hvaða tímar dags henta best fyrir skipulagðar málörvunarstundir inni á deild, metið hvort og þá hvernig innlögn leikskólasérkennari gæti verið með í skipulögðu starfi og málörvunarhópar myndaðir út frá styrkleikum og þörfum hvers barns. Tímar verða síðan settir í töflu með samþykki deildarstjóra sem þá vita hvenær von er á honum. Skipulag málörvunarstunda mun innihalda aukna áherslu á hljóðkerfisvitund þannig búið verði að skipuleggja hvernig vinna eigi með ólíka þætti hennar samhliða og í tengslum við viðfangsefnin. Þá verða verkefni skipulögð í samræmi við þema hverrar deildar.</p>
Ábyrgð	Katrín Hallgrímsdóttir
Upphaf og lok	Verkefnið hefst í ágúst 2025 og líkur í Júlí 2026. Þó er gert ráð fyrir að verkefnið haldi áfram með umbótum haust 2026.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	<p>Leikskólasérkennari heldur áfram að meta orðaforða barna með skráningu, orðaforðalistum, EFI-2 og HLJÓM2. Leikskólasérkennari fer 2x á tímabilinu á milli deilda þar sem hann ræðir við börnin í hópum. Þar mun hann spyrja hvað þeim finnst skemmtilegt, leiðinlegt, hvort að þau hafi fengið að ráða verkefnum, hvort þau séu með hugmyndir að verkefnum o.s.frv. Niðurstöður úr fyrra mati verður nýtt fyrir áframhaldandi skipulag. Þá verður lögð fyrir könnun á deildarfundum 2 sinnum yfir tímabilið þar sem starfsmenn og deildarstjórar leggja mat á það hvernig hefur gengið og niðurstöður nýttar fyrir áframhaldandi skipulag. Þá mun leikskólasérkennari sitja fundi með deildarstjórum á tveggja vikna fresti þar sem farið verður yfir framgang mála. Loks mun leikskólasérkennari nýta HLJÓM2 til að meta hvort og þá hvar framfarir hafa orðið er kemur að hljóðkerfisvitund. Með tímanum væri síðan hægt að skoða framfarir milli ára þ.e. hvort að börn sem taka HLJÓM2 að hausti séu að fá betri niðurstöður en börn frá árinu á undan.</p>





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl og leiðbeinandi samtöl

Síðastliðin vetur tók leikskólastjóri starfsþróunarsamtöl við flest alla starfsmenn þar sem rætt var um styrkleika og áskoranir í starfi. Áætlað er að samtölin verði með sama sniði veturinn 2025-2026. Deildarstjórar munu einnig sjá um að taka snerpusamtöl við sitt deildarstarfsfólk og leiðbeinandi samtöl þegar við á.

Lærdómssamfélög

Vorið 2025 voru sett af stað fjögur mismunandi lærdómssamfélög innan Rofaborgar og var öllu starfsfólki boðin þátttaka í þeim. Lærdómssamfélögin fjalla um málörvun, skráningar, sérkennslu og fjölmenningu. Lærdómssamfélögin hittust mánaðarlega og miðlaði þar starfsfólk upplýsingum og hugmyndum sín á milli, setti sér markmið til að vinna að í starfinu og mátu árangur reglulega. Ætlunin er að halda áfram að þróa fyrirkomulag lærdómssamfélaganna veturinn 2025-2026.

Fræðsla á skipulagsdögum

Veturinn 2024-2025 var helgaður fræðslu um samskipti, samvinnu, vinnustaðarmenningu og samstarf. Samhliða gerð samskiptasáttmála horfði starfsfólk á fyrirlestra frá Dr. Sigrúnu Gunnarsdóttur um jákvæða vinnustaðarmenningu, traust og samskipti og fór á námskeið hjá Kvan um foreldrasamstarf og jákvæð samskipti. Ákveðið hefur verið að einblína á fræðslu um Reggio Emilia og skapandi starf á komandi vetri. Einnig er fyrirhugað að gera starfsfólki kleift að fara í skólaheimsóknir og kynnst starfsemi leikskóla sem hafa unnið lengi með stefnuna Reggio Emilia. Önnur fræðsla sem er á dagskrá veturinn 2025-2026 er:

- Skyndihjálp og slysavarnir barna
- Vinnuöryggi
- Matvælaöryggi
- Innra mat





7 Samstarf við utanaðkomandi aðila

Löng hefð er fyrir samstarfi Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja það allt til ársins 1987. Það er okkur mikið hjartans mál að börnin séu í góðri tengingu við samfélagið utan leikskólans og umhverfið hér í Árbænum. Markmið samstarfsins er:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla til grunnskóla og frístundar.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heilstæðu námi barna.
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Liður í að undirbúa elstu börnin fyrir grunnskólagöngu hefur einnig verið fara í heimsóknir í frístundamiðstöðina Töfrasel. Þar fá börnin að kynnst húsinu og starfinu sem þar fer fram. Síðastliðin vetur, sem og veturinn áður, fór skólahópur einu sinni í viku í Töfrasel. Mikil ánægja var með það fyrirkomulag. Börnin nutu sín vel og meira pláss var inni á eldri deildunum fyrir hin börnin til þess að leika og vinna önnur verkefni. Stefna okkar er að halda þessu samstarfi áfram næsta vetur.

Samstarf leikskólans við unglingsdeild Árbæjarskóla

Síðastliðna tvo vetur buðu Rofaborg og Árbæjarskóli í sameiningu uppá valáfanga í leikskólafræðum fyrir 9. og 10. bekk. Nemendur sem völdu sér þann valáfanga fengu að kynnst starfsemi leikskólans og kennslu ungra barna, bæði með verkefnavinnu í leikskólanum og kennslu í skólanum. Markmið áfangans var að kynna spennandi umhverfi og skapandi starf leikskólans fyrir ungu fólki, sem á eftir að velja sér starfsvettvang í framtíðinni og vonandi auka þannig aðsókn í leikskólakennaranámið. Nemendurnir sem hingað komu sinntu námi sínu vel, mættu stundvíslega og voru frábær viðbót í samfélagið okkar hér í Rofaborg. Við viljum þakka nemendunum, umsjónakennara áfangans og stjórnendum kærlega fyrir samstarfið og viljum endilega halda þessu starfi áfram á komandi skólaári.

Lesið má betur um leiðir og markmið í samstarfi við mismunandi stofnanir og þjónustuaðila í skólanámskrá Rofaborgar.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar árið 2014. Í foreldraráði eiga að sitja að lágmarki þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Skipa þarf nýtt foreldraráð í sept. 2025. Veturinn 2023-2024 var ákveðið að nýta betur krafta foreldraráðs og funduðu





stjórnendur því með ráðinu á 8-10 vikna fresti. Markmiðið var að upplýsa foreldraráð betur um gang mála í leikskólanum og fá álit þeirra á hinum ýmsu verkefnum. Ekki tókst að halda þessu fundarskipulagi á síðastliðnum vetri og viljum við því gera betur veturinn 2025-2026. Markmið haustsins er því að stjórnendur geri sitt besta til þess að veiða nýja foreldra inn í ráðið og skipuleggja reglulega fundi frá október 2025 til maí 2026.

Foreldrafélag: Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmiði að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sumarhátíð fyrir fjölskyldur í Rofaborg, piparkökumálun fyrir jól og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna. Síðastliðin vetur bauð foreldrafélag Rofaborgar einnig upp á tvær skemmtanir í leikskólanum, sú fyrri var heimsókn frá Birgittu Haukdal þar sem hún las fyrir börnin og söng með þeim og sú seinni var heimsókn frá Maximús Músíkús.

Foreldrafundur: Veturinn 2024 var ákveðið að hafa ekki sérstaka kynningu fyrir foreldra að hausti eins og venja hefur verið fyrir. Þess í stað sendu deildarstjórar vefpóst til foreldra með upplýsingum um fyrirkomulags starfsins. Þessi breyting var gerð vegna lélegrar mætingar á foreldrakynningarnar síðastliðin ár. Við höfum þó ákveðið að breyta aftur til baka og verður því haldinn foreldrakynning veturinn 2025 þar sem sérstök áhersla verður lögð á að kynna nýju skólanámskránnu, áhersluatriði hennar, skapandi starf, leiðir og verkfæri sem notuð eru í kennslu á deildunum og aðrar hagnýtar upplýsingar. Foreldrafundir verða haldnir þegar ný skólanámskrá hefur verið yfirfarin af foreldraráði.

Foreldraviðtöl: Árlega bjóða deildastjórar foreldrum til sín í foreldraviðtöl. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða við deildarstjóra um skólagöngu barns síns. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2025 komi í viðtal fyrir áramót sem og foreldrar barna sem skiptu um deild eftir sumarfrí, er það því u.þ.b. helmingur barna á hverri deild. Eftir áramót er svo áætlað að foreldrar hinna barnanna komi í viðtöl. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í gegnum árin. Nákvæmari áætlun verður kynnt haustið 2025.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á hverju skólaári.

- 2. október 2025 – Sameiginlegur í hverfinu
- 28. nóvember 2025 – Sameiginlegur í hverfinu
- 2. janúar 2026
- 6. febrúar 2026 – Sameiginlegur í hverfinu
- 16. mars 2026 - Ákveðinn í samræmi við skóladagatal Árbæjarskóla
- 29. maí 2026

10 Fylgiskjöl

- Umsögn foreldraráðs
- Matsáætlun Rofaborgar 2025-2029
- Áætlun um yfirferð áætlana

F. h. leikskólans

_____ Guðlaug Kristinsdóttir _____ 31.10.25 _____
Leikskólastjóri Dagsetning





Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2025 – 2026 Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arndís Benediktsdóttir

Ásta Erla Jakobsdóttir

Hanna Rún Smáradóttir

Ingvar Kristinn Guðmundsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Á síðastliðnum árum hefur leikskólinn Rofaborg staðið í mikilli starfsþróun. Mikil naflaskoðun og umræða hefur átt sér stað innan leikskólans og hefur starfsfólk sýnt mikinn metnað í því að gera gott starf enn betra. Starfsmenn hafa sótt sér menntun sem hefur nýst í leikskólastarfinu. Þau hafa einnig farið í vinnu sem bætir starfsandann og eykur samvinnu á milli deilda leikskólans. Andrúmsloftið er gott og finnum við sem foreldrar fyrir því hversu vel er tekið á móti öllum á hverjum degi, nýjum hugmyndum er fagnað og starfsfólk virðist vinna vel saman á milli deilda.

Áherslur starfsáætlunar samræmast því starfi sem hefur verið unnið á leikskólanum Rofaborg á síðasta ári. Það sem ber helst að nefna er málörvun, styrkja börn til sjálfshjálpar, auka sjálfstraust barnanna, aukin félagsfærni og hlýtt viðmót starfsmanna og væntumþykja í garð barnanna. Auk þess finnst okkur gaman að sjá hvað hugmyndavinna barnanna fær oft að skína í gegnum vinnuna sem á sér stað á leikskólanum.

Starfsáætlun Rofaborgar er auðlesanleg og finnst okkur gaman að sjá hversu jákvæður starfsmannahópurinn er fyrir starfsþróun og mikill metnaður er til staðar til að bæta vinnuna sem fer fram á Rofaborg. Við teljum að starfsáætlun Rofaborgar veiti foreldrum góða innsýn inn í það góða starf sem unnið er á leikskólanum. Foreldraráðið gerir enga athugasemd við starfsáætlunina.

Undirskrift foreldraráðs

Arndís Benediktsdóttir

Ásta Erla Jakobsdóttir

Hanna Rún Smáradóttir

Ingvar Kristinn Guðmundsson





Fylgiskjal 2

Innra mat - áætlun	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf		X		
Leikskólaþróun og starfsþróun			X	
Skólanámskrá og áætlanir	X	X	X	X
Uppeldi- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir		X		X
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X		X	
Leikskóli án aðgreiningar	X		X	
Mat á námi og velferð barna		X		X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X		X	
Fagmennska starfsfólks		X		X
Starfsánægja	X	X	X	X
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		X
Velferð og vellíðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	X		X	





Viðhorf foreldra		X		X
Innra mat				
Framkvæmd (skipulag og viðfangsefni)		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birting og umbætur		X		X





Fylgiskjal 3

Innra mat - áætlun	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029
Nýliðaáætlun - Velkomin í Rofaborg		X		X
Samskiptasáttmáli		X		X
Foreldraviðtalsáætlun	X	X	X	X
Svefn- og hvíldarstefna	X			X
Áhættumat - Vinnueftirlitið	X		X	
Veikindastefna (Heilsuvernd)		X		X
Rýmingaráætlun	X	X	X	X
Foreldrahandbók	X		X	
Starfsáætlun	X	X	X	X
Áætlun um lausnarleitarfundi	X	X	X	X
Læsisáætlun	X		X	
Áfallaáætlun	X		X	
Áætlun um móttöku nýrra barna	X		X	
Áætlun um vettvangsferðir	X	X	X	X
Áætlun um viðbrögð við slysum	X			



